

## **Sp. 307. Tillaga til þingsályktunar**

um útreikning á framleiðslutekjum þjóðarinnar.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reikna út tekjur þjóðarinnar af vöruframleiðslu ár hvert, á þann hátt, sem greinir í þessari ályktun.

Telja skal saman verðmæti allra landbúnaðarvara og sjávarafurða, sem notaðar eru af framleiðendum sjálfum og seldar innan lands og úr landi, — einnig framleiðsluverðmæti þeirra iðnaðarfyrirtækja, sem vinna vörur eingöngu eða aðallega úr afurðum frá landbúnaði og sjávarútvegi, og fyrirtækja, sem framleiða veiðarfæri og vöruumbúðir.

Útflutningsvörur reiknast með verði þeirra á skipsfjöl á útflutningshöfn. Vörur, seldar innan lands, reiknast með söluverði. Framleiðsluvörur til eigin nota framleiðenda skal reikna til verðs með hliðsjón af markaðsverði, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Verð fyrir aðkeyptar vörur til framleiðslunnar, svo sem áburð, sáðvörur, fóðurvörur, kol, olíur, salt, veiðarfæri, beitu, efnivörur til iðnaðar, vöruumbúðir o. þ. h., skal draga frá tekjunum. Birgðir af þessum vörum í eigu framleiðenda í ársbyrjun skal telja með keyptum vörum á árinu, en eftirstöðvar í árslok til frádráttar.

Jafnframt skal gera yfirlit um stofnfé framleiðslunnar ár hvert, þ. e. verðmæti lands, bygginga, bústofns, skipa, véla, verkfæra o. þ. h., sem notað er við fram-

---

1) Á þessu ári hefur grunnkaup verkakvanna hækkað í kr. 1.64 og verkamanna í kr. 2.45 á klst.

leiðsluna, eftir matsverði þessara eigna til skatts. Hæfilegt fyrningargjald af þessum eignum skal draga frá framleiðslutekjnum.

Í fyrsta sinn skal gera yfirlit um framleiðslutekjur þjóðarinnar árið 1943 eftir ályktun þessari. Sé því, ásamt yfirliti um tekjurnar árið 1944, lokið eigi síðar en í júnímánuði 1945. Síðan skal útreikningi teknanna lokið eigi síðar en í júnímánuði ár hvert fyrir næstliðið ár.

Kostnað, sem verða kann af framkvæmd þessarar þingsályktunartillögu, er heimilt að greiða úr ríkissjóði.

### Greinargerð.

Árið 1943, hinn 30. marzmánaðar, var samþykkt í neðri deild Alþingis svo-felld ályktun:

„Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera fullkomið yfirlit, er sýni árlegar heildartekjur þjóðarinnar árin 1936—1942 og þær breytingar, sem á þeim hafa orðið. Sé þessu lokið haustið 1943, en síðan skal árlega reikna út þjóðartekjurnar á sama hátt.“

Á framhaldsþingi haustið 1943 afhenti ríkisstjórnin þingmönnum yfirlit, sem hún hafði látið gera um þjóðartekjurnar árin 1936—1940 samkvæmt þessari ályktun. Sú aðferð hafði þar verið viðhöfð, að taldar voru saman skattskyldar tekjur landsmanna á þessum árum eftir skattskýrslum og þar við bætt áætluðum tekjum skattfrjálsra aðila.

Þessi skýrsla mun hafa verið gerð með nokkuð öðrum hætti en til var ætlað af flutningsmönnum þeirrar páltill., sem að framan er getið. Stafar það sennilega af því, að hvorki í till. sjálfri né í greinargerð, sem henni fylgdi, var nokkuð tekið fram um það, hvernig tekjuyfirlitið skyldi gert.

Heildaryfirlit um tekjur landsmanna eftir skattskýrslunum, jafnvel þótt þær væru allar réttar, er ekki öruggur mælikvarði á raunverulegar tekjur þjóðarinnar. Hins vegar er mögulegt að vinna úr skattskýrslunum nokkurt yfirlit um tekjur einstakra atvinnustétta til samanburðar við tekjur annarra, og getur komið að gagni að fá vitneskju um það atriði.

Til þess að fá yfirlit um þjóðartekjurnar virðist sú aðferð líklegust til réttrar niðurstöðu að telja saman verðmæli allrar vöruframleiðslu landsmanna. Koma hér til greina landbúnaðarvörur, sjávarafurðir og iðnaðarvörur, jafnt þær vörur, sem notaðar eru í landinu sjálfu, og hinn hlutinn, sem seldur er úr landi. Til frádráttar verði þeirra koma aðkeyptar vörur til framleiðslunnar og fyrningargjald af framleiðslutekjnum.

Vöruframleiðsla til innanlandsnotkunar og útflutnings er sá grundvöllur, sem efnaleg afkoma þjóðarinnar hvílir algerlega á, a. m. k. á venjulegum tímum. Það er því fyrst og fremst verðmæti framleiðslunnar, sem þarf að reikna út til þess að fá hugmynd um tekjur þjóðarbúsins ár hvert.

Verðmæti framleiðslunnar segir til um það, hve mikið þeir geta borið úr býtum, sem að henni vinna. En það eru ekki aðeins þeir, er vinna beinlínis að framleiðslustörfunum, sem eiga að taka laun fyrir vinnu sína í samræmi við þjóðartekjurnar. Aðrir eiga að réttu lagi að sitja við sama borð. Ákvörðun starfslauna og peningameðferð manna í landinu yfirleitt þarf, ef vel á að fara, að miðast við framleiðslutekjur þjóðarinnar á hverjum tíma. Með hliðsjón af þeim þarf Alþingi og ríkisstjórn að ákveða tekjuöflun og útgjöld ríkissjóðs, og fjármálaráðstöfunum bæjar- og sveitarfélaga þarf að haga á sama hátt.

Síðustu árin hafa landsmenn haft miklar tekjur og safnað töluverðum innstæðum hjá öðrum þjóðum. Þessar eignir mega ekki eyðast í tekjuhallaþúska á næstu árum. Þeim á að verja til framkvæmda, sem nauðsynlegar eru til að efla og tryggja atvinnuvegi þjóðarinnar í framtíðinni.

En til þess að unnt sé að takmarka árleg útgjöld við tekjurnar og koma í veg

fyrir tekjuhalla rekstur, þarf að hafa sem gleggsta yfirsýn um það, hve miklu þær nema. Fullkomnar skýrslur um það eru nú ekki til. Er þar tilfinnanleg eyða í hagtíðindin, sem þarf að fylla, og að því er stefnt með flutningi þessarar þáttill.

Hagstofan gefur árlega út búnaðarskýrslur og fiskiskýrslur og hlunninda. Búnaðarskýrslurnar sýna búpeningseign landsmanna, en af þeim og öðrum upplýsingum, sem mögulegt er að safna saman, t. d. frá búnaðarfélögum, mjólkurbúum, kjötverðlagsnefnd og grænmetisverzlun ríkisins, ætti að mega komast nálægt því rétta um afurðir landbúnaðarins og verðmæti þeirra ár hvert. Í fiskiskýrslum og hlunninda eru upplýsingar um magn og verðmæti sjávarafllans. Hins vegar er ekki kunnugt, að gerðar hafi verið heildarskýrslur um aðkeyptar framleiðsluvörur til landbúnaðar og sjávarútvegs, svo sem tilbúinn áburð, sáðvörur, fóðurvörur, kol, olíur, veiðarfæri, vöruumbúðir o. s. frv., en slíkar skýrslur er nauðsynlegt að gera til þess að finna tekjur þjóðarinnar af þessum atvinnugreinum.

Um iðnaðarframleiðsluna eru mjög ófullkomnar upplýsingar, og þarf að bæta úr því. En vegna þess að þar er um allmikla fjölbreytni að ræða og vafasamt, að unnt sé í upphafi og á skömmum tíma að gera glöggar skýrslur um alla þá framleiðslu, er hér lagt til, að fyrst um sinn verði við útreikning framleiðsluteknanna aðeins teknar þær iðnaðarvörur, sem mesta þýðingu hafa fyrir þjóðarbúskapinn. Eru það þær vörur, sem unnar eru úr innlendum hráefnum, svo sem framleiðsla sildarverksmiðjanna, fiskimjólsverksmiðja, niðursuðuverksmiðja, frystihúsa, mjólkurbúa og ullarverksmiðja. Einnig þykir rétt að taka hér með framleiðslu veiðarfæra og vöruumbúða, en sá iðnaður er nátengdur þeim framleiðslugreinum, sem þegar hafa verið nefndar.

Þótt ekki þyki fært að heimta fullkomnari skýrslur um iðnaðarframleiðsluna að svo stöddu, þarf að vinna að því, að fullnægjandi skýrslur um þann atvinnuveg verði gerðar svo fljótt sem unnt er.

Um einstök ákvæði tillögunnar þykir rétt að taka þetta fram til nánari skýringa:

Útfluttar vörur á að reikna með söluverði þeirra f.o.b. á útflutningshöfn, en framleiðsluvörur, sem seldar eru á innlendum markaði, reiknast með söluverði þeirra. Er hér átt við það verð, sem vörurnar eru seldar fyrir frá framleiðendum eða sölufélögum þeirra. Þegar sölufélög framleiðenda annast smásölu á vörunum, svo sem nú er t. d. um mjólkina, verður varan talin með smásöluverði, en þegar framleiðendur selja vörur í heildsölu til verzlana, eins og venjulegt er um iðnaðarvörur og sumar tegundir af landbúnaðarvörum, mun heildsöluverðið verða lagt til grundvallar, enda erfiðara að fá upplýsingar um smásöluverðið, þar sem smásöluálagningin mun vera misjafnlega mikil.

Með þessari reikningsaðferð fást að vísu eigi eingöngu tekjur framleiðenda, heldur er einnig þar með flutningskostnaður innan lands og sölukostnaður, sem fellur á vörurnar. En þar sem þetta mun auðveldasta aðferðin til að fá upplýsingar um vöruverðið, er lagt til, að hún verði notuð. Síðar mætti gera sérstakar skýrslur um flutnings- og dreifingarkostnað á þessum vörum. Væntanlega verða, áður en langt liður, gerðar heildarskýrslur um tekjur landsmanna af verzlun og flutningum, en sölu- og flutningskostnaður á innlendum afurðum verða þá liðir í þeim útreikningi.

Vörur, sem framleiðendur nota sjálfir, á að reikna til verðs með hliðsjón af markaðsverði þeirra, eftir reglum, sem um það verða settar. Er nauðsynlegt, að reikningsverð þeirra verði ávallt í eðlilegu samræmi við markaðsverð vörunnar og breytist með því.

Verð fyrir aðkeyptar vörur til framleiðslunnar skal draga frá tekjunum. Koma hér til greina innfluttar vörur, svo sem tilbúinn áburður, sáðvörur og fóðurvörur

til landbúnaðarins, kol, olíur, salt og veiðarfæri til sjávarútvegsins, efnivörur til iðnaðarins og umbúðir um innlendar framleiðsluvörur. Innlendar vörur, sem keyptar eru til framleiðslunnar, á einnig að telja til frádráttar. Nokkur dæmi má nefna um þannig viðskipti innan lands. Útvegsmaður kaupir beitusíld, og er verð hennar talið til frádráttar tekjum hans, enda talið með framleiðslutekjum seljandans. Síldarverksmiðjur telja verð fyrir síld, er þær kaupa eða taka til vinnslu, til frádráttar tekjum sínum, enda er síldarverðið talið með tekjum þeirra útvegsmanna, sem gera út skip til síldveiða. Bændur kaupa fóðurmjöl frá innlendum síldar- og fiskimjölsverksmiðjum. Verð mjölsins er talið með framleiðslutekjum verksmiðjanna og því rétt að telja það með öðrum aðkeyptum vörum til frádráttar tekjum landbúnaðarins.

Þá er lagt til, að gert verði yfirlit árlega um stofnfé framleiðslunnar, þ. e. verðmæti lands, bygginga (peningshúsa, verksmiðjubygginga, geymsluhúsa fyrir framleiðsluvörur o. s. frv.), hústofns, skipa, véla, verkfæra og þess háttar eigna, sem notaðar eru við framleiðsluna. Sé farið eftir matsverði þeirra til skatts. Fyrningargjöld af þessum eignum skal draga frá framleiðslutekjunum, og skal hér á það bent, að við ákvörðun þeirra gjalda virðist eðlilegt að fara eftir tillögum ríkisskattaneftndar, sem mun hafa betri aðstöðu en aðrir til að framkvæma slíkt mat.

Það er mikilsvert, að skýrslugerð um tekjur hvers árs verði lokið svo fljótt sem verða má, eftir að árið er liðið. Er hér lagt til, að tekjuyfirlitið skuli fullgert eigi síðar en í júlímánuði ár hvert fyrir næstliðið ár. Ætti þetta að vera framkvæmanlegt. Að vísu getur komið fyrir, að þá sé óselt eitthvað af framleiðsluvörum frá liðnu ári, en verðmæti þeirra yrði þá að áætla svo nákvæmlega sem unnt væri eftir markaðshorfum, en mismunur á áætlunarverði og söluverði síðar gæti þá komið með tekjum eða til frádráttar tekjum næsta árs. Er hér lagt til, að fyrst verði taldar saman tekjur þjóðarinnar árið 1943 eftir þessari þál. og verði skýrsla um þær ásamt skýrslu um tekjurnar árið 1944 fullgerð eigi síðar en í júnímánuði 1945.

Sennilegt er, að ríkisstjórnin feli Hagstofu Íslands að gera þetta yfirlit um framleiðslutekjurnar, ef tillagan verður samþykkt. Gera má ráð fyrir, að aðrar stofnanir, svo sem búnaðarfélag, Fiskifélag Íslands og iðnaðarfyrirtæki, veiti ríkisstjórninni eða hagstofunni fúslega allar upplýsingar, sem óskað verður eftir og þær geta í té látið, til þess að skýrslur þessar geti orðið sem fullkonnastar. En ef samþykkt þessarar tillögu hefur sérstakan kostnað í för með sér, þykir sjálf-sagt að heimila greiðslu á þeim gjöldum úr ríkissjóði.